



STARFSLEYFISSKILYRÐI

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

kt. 540602-4410

vegna hreinsivirkis fráveitu í Brautarholti, 801 Selfoss

ISAT 90.00.0.3 Aðrar skólpdreinsistöðvar

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.
- 1.2 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfseminni og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 1.3 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að heilnæmu og hreinu umhverfi.
- 1.4 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur skólpdreinsistöðvar í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.
- 1.5 Hreinsivirkið er hannað til að hreinsa 250 persónueiningar. Hannað til að anna meðalflæði upp á 5,2 m³/klst. Hámarksflæði er 7,8 m³/klst. Fyrst fer fram grófsíun í hefðbundnum rotþróum. Síðan tekur við lífrænn hluti sem byggist á því að fráveituvatnið rennur gegnum hólf sem er með sívalningum sem snúast með gírmótor. Á yfirborði sívalninganna eru örverur sem fá súrefni úr loftinu til að ná í næringu úr frárennslinu og éta þannig lífræn efni úr því. Að loknu rennsli gegnum plötukilju fer vatnið í hreinsitjörn, áður en það fer út í umhverfið.
- 1.6 Starfsleyfi skal eñdurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er heimilt að endurskoða starfsleyfi ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem leiða til betri mengunarvara eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.
- Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.
- 1.7 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 1.8 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar



breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.

- 1.9 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.10 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.11 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt. Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.2 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Koma skal í veg fyrir aðgang búfjár á lóð hreinsistöðvarinnar.
- 2.3 Á athafnasvæði fyrirtækisins skal ávallt haga allri vinnu og meðferð véla, búnaðar, hráefna, afurða og úrgangs þannig að ekki eigi sér stað óleyfileg losun mengandi efna í umhverfið.
- 2.4 Starfsleyfishafi skal sá um að við frágang vegna framkvæmda á athafnasvæði fyrirtækisins, verði framkvæmdasvæði löguð að umhverfinu að svo miklu leyti sem unnt er til að minnka varanleg sjónræn áhrif framkvæmdanna.



3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Gæðamarkmið losunarmarka hreinsaðs fráveituvatns skulu vera eftirfarandi, í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999:

Mæligildi	Hámarksstyrkur	Hlutfallsleg lágmarkslækkun milli inn- og útstreymis
Líffræðileg súrefnisþörf (BOD við 20°C) án nítrunar.	25 mg/l O ₂	70 til 90 %
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	125 mg/l O ₂	75 %
Heildarmagn svifagna (TSS)	35 mg/l	70 %
Fjöldi saukkóligerla í 100 ml *	100	
Fjöldi enrterókokka í 100 ml *	100	

* með stoð í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

- 3.2 Við útrás frá hreinsistöð skal gæta eftirfarandi þátta:

1. Ekki skulu vera til staðar set eða útfellingar.
2. Þekjur af rotverum (sveppum og bakteríum) skulu ekki vera til staðar.
3. Ekki skal vera til staðar olía, froða, efni sem valda lykt, lit eða gruggi, sorp eða aðrir aðskotahlutir.
4. Hitabreyting skal ekki vera meira en 2°C.
5. Sýrustig vatns við útrás skal vera á bilinu pH 6-9

- 3.3 Á hreinsivirkini skal útbúa sýnatökustaði sem gera það auðvelt að taka sýni af því fráveituvatni sem fer inn í stöðina og útrennslí hennar. Til að meta virkni hreinsivirksins, í raun, skal taka sýni af fráveituvatni sem fer inn í stöðina, frárennslí stöðvarinnar, út í tjörn og úr fjarenda tjarnarinnar sem tekur við frárennslinu, tvisvar á ári. Miða skal við að önnur sýnatakan fari fram þegar sól stendur sem lægst og hin þegar sólargangur er sem hæstur. Meta þannig áhrif sólarljóssins í tjörninni. Þremur árum eftir að hreinsistöðin hefur hafið starfsemi sína skal það metið hvort hægt sé að fækka sýnatökum í eina á ári.

- 3.4 Mæla skal BOD eða COD, svifagnir, fjölda saukkóligerla og fjölda enterókokka. Við mat á niðurstöðum skal hafa til hliðsjónar töflu í lið 3.1., í þessum starfsleyfisskilyrðum og í viðauka 1 og fylgiskjal 2 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 789/1999.

Komi til þess að ummerki, í útrás stöðvarinnar, sjáist um set eða útfellingar, þekjur af rotverum, olíu, froðu eða annað sem bendir til skólpengunar eða þess að hreinsivirknið sé ekki að vinna sem skyldi skal taka sýni af vatni úr útrásini og mæla magn saukkóligerla og enterókokka.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ákveður þynningarsvæði útrásar fráveitunnar.

- 3.5 Sýnatokuðili og rannsóknarstofa skulu samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Kostnaður við sýnatökur og rannsóknir greiðast af starfsleyfishafa hverju sinni. Eftir 3 ár skal meta hvort hægt er að fækka sýnatökum í eina árlega
- 3.6 Öll losun vinnsluefna í yfirborðsvatn er óheimil.



- 3.7 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju. Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélaþvotta s.s. lokað kerfi án leysiefna t.d. gufuþvott og háþrýstiþvott.
- 3.8 Ristarúrgang, fitu og seyru skal flytja til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða til förgunar á stað sem heilbrigðisnefnd hefur samþykkt.
- 3.9 Starfsleyfishafa er skylt að skipta eingöngu við þjónustuaðila sem hafa gilt starfsleyfi til losunar/nýtingar seyru og sem uppfylla jafnframt ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.
- 3.10 Óheimilt er að losa seyru frá rotþróm í hreinsivirknið. Heilbrigðisnefnd getur sett skilyrði um að áður en seyra er nýtt skv. reglugerð nr. 799/1999 skuli starfsleyfishafi greina seyruna og skulu sýnatoku- og greiningaraðferðir vera í samræmi við viðauka C. Í reglugerð nr. 799/1999 um seyru. Slíkar upplýsingar skulu aðgengilegar notendum seyru. Við mælingar og rannsóknir skulu viðmiðunarmörk í viðauka A. Í reglugerð um seyru notuð.
- 3.11 Nota skal viðurkennd þvottaefni við þrif.
- 3.12 Losun efna, umhverfisálag og mæliaðferðir skulu vera í samræmi við reglugerðir nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og nr 798/1999 um fráveitur og skólp. Vísað er til viðauka reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp varðandi sýnatoku, vinnslu sýna, breytur og útreikninga.
- 3.13 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.
- 3.14 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.15 Stuðla skal að minnkun úrgangs með endurvinnslu og nýtingu. Fara skal að ákvæðum reglugerðar 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á og ákvæði reglugerðar nr. 184/2002 með breytingum í reglugerð nr. 428/2003 um spilliefni. Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu og flytja reglulega til eyðingar eða vinnslu hjá viðurkenndum móttökuaðilum. Förgun úrgangs skal fara fram á viðurkenndum förgunarstað. Öll brennsla úrgangs er óheimil.
- 3.16 Öllum búnaði s.s. tækjum, gámum og öðrum sorpilátum sem eru í beinum tengslum við úrgang skal ávallt halda ryðlausum, hreinum, og þau þvegin og sóttreinsuð reglulega eftir þörfum. Vélbúnaður til tæminga, flutninga og vinnslu skal vera þannig búinn að ekki verði lykt og leki við starfsemina. Allar vélar, tæki og annað það sem tilheyrir starfseminni skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 3.17 Skylt er að sjá um að hindraður sé aðgangur meindýra, vargfugls og annarra dýra að gámum, þróm, hreinsivirkjum og úrgangi stöðvarinnar.
- 3.18 Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang eða losa þau í fráveitu. Ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.



4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDÁ

4.1 Fyrirtækið skal viðhafa eigið eftirlit og halda jafnóðum skrá um eftirtalin atriði:

- a. Niðurstöður mælinga á innrennsli í stöðina og niðurstöður sýnatöku.
- b. Niðurstöður mælinga í vinnsluferli.
- c. Magn seyru og sandsíuefna við losun og dagsetning losunar.
- d. Förgunarstað, vinnslustað eða landgræðsluslusbædi seyru.
- e. Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs og seyru.
- f. Atriði er varða rekstur búnaðar, hreinsun og viðgerðir búnaðarins, dagsetningu á tæmingu, vinnslu magn og nýtingu eða förgun seyru.
- g. Innkaup efna sem geta orðið að spilliefnum. Tiltaka skal magn (kg, l.) og þann flokk hættulegs úrgangs sem efnið tilheyrir. Einnig skal skrá magn (kg, l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila.
- h. Atvik er varðarmengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða önnur frávik eða slys.
- i. Atriði er varða rekstur hreinsibúnaðar, og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. hreinsun og viðgerðir búnaðarins, rekstur og viðhald á ristum, fitugildru, leka eða mengunarslys, dagsetningu á tæmingu og losun á seyru og sora, magn og förgunarþætti.
- j. Fyrirtækið skal að öðru leyti kom á skráningum og innra eftirliti í samræmi við reglugerðir og gæðamarkmið sveitarfélagsins. Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik er geta varðað almannaheill.

- 4.2 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 4.3 Fyrirtækið skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill.
- 4.4 Ef mengunaróhapp verður, s.s. að óhreinsað skólp, klór, olíur eða önnur spilliefni leka út í umhverfið eða ef hreinstistöðin hefur ekki undan, hvað varðar skólpagn, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann/lagfæra ástandið og hreinsa upp það sem lekið hefur. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlit, brunavarnar, lögreglu, vinnueftirlit og/eða aðra eftirlitsaðila, eftir því sem við á.
- 4.5 Á hverri vinnuvakt skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á búnaði og mengunarvörnum stöðvarinnar ásamt starfsreglum þessum sem og öðrum reglum fyrirtækisins.




5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 22. mars 2018

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands



Sigrún Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	80 K/S 28.3.18
Ábra.	 Svfr.
Afgr.	)Bréf (<input type="checkbox"/>)St.
Lvm.	Trm.